

BORGARRÁÐ 12. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sérstakan húsnæðisstuðning. - R200300118

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavík fari að fyrirmynd Kópavogs og breyti reglum um sérstakan húsnæðisstuðning þannig að allir þeir sem fá greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, fái einnig greiddan sérstakan húsnæðisstuðning.

Greinargerð:

Nýlega fjallaði sjónvarpsþátturinn Kveikur um fátækt á Íslandi. Þar kom fram hve alvarlegur vandinn er og hve mikilvægt það er að kjörnir fulltrúar bregðist við strax til að hjálpa þeim sem lifa við fátækt. Einnig kom þar fram að í Reykjavík væru strangari skilyrði fyrir úthlutun húsnæðisstuðnings en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, t.d. Kópavogi. Í Reykjavík þarf einstaklingur ekki aðeins að vera undir ákveðnum tekjuviðmiðum til að eiga rétt á húsnæðisstuðning heldur þarf hann einnig að skora að minnsta kosti sex stig í matsviðmiði fyrir sérstakan húsnæðisstuðning, þar af tvö vegna félagslegra aðstæðna. Reykjavík veitir því ekki húsnæðisstuðning til þeirra sem hafa lágar tekjur nema að þeir glími einnig við önnur vandamál. Í þætti Kveiks var rætt við konu sem nýlega komst í stöðugt leiguhúsnæði en missti um leið rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi. Þarna er verið að kippa undan fótum þeirra sem reyna að stíga upp úr fátæktargildrunni. Þessu þurfum við að breyta strax og getum í því fylgt fyrirmynd nágranna okkar í Kópavogi.